

Lagning ljósleiðarasæstrengs yfir Álftafjörð í Helgafellsveit á Snæfellsnesi

Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 18. maí 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Orkufjarskiptum um fyrirhugaða lagningu ljósleiðarasæstrengs frá tengistað Orkufjarskipta við Álftafjörð, yfir Álftafjörðinn að tengistað í landi Hrísa í Helgafellssveit samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og lið 10.21 í 1. viðauka laganna. Fyrirhugað framkvæmdasvæði í Álftafirði er að hluta innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sbr. lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og því tilkynningaskyld til ákvörðunar um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Helgafellssveitar, Breiðafjarðarnefndar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Lögn ljósleiðarasæstrengs frá tengistað Orkufjarskipta við Álftafjörð, yfir Álftafjörðinn að tengistað í landi Hrísa á Snæfellsnesi, maí 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Helgafellsveit með tölvubréfi dags. 29. júní 2016
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 7. júní 2016
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með tölvubréfi dags. 3. júní 2016
- Breiðafjarðarnefnd með tölvubréfi dags. 13. júní 2016
- Samgöngustofu með tölvubréfi dags. 20. júní 2016

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur að fyrirhuguð sé lagning ljósleiðarasæstrengs frá tengistað Mílu við Hörðuból og í símstöð í Stykkishólmi. Tilgangur framkvæmdarinnar sé fyrst og fremst að efla og auka öryggi fjarskipta á Snæfellsnesi með hringtengingu, ásamt því að bæta fjarskiptasamband milli tengivirkja Landsnets og auka öryggi í rekstri raforkuflutningskerfisins.

Fram kemur að við lagningu strengsins þurfi að þvera Álftafjörð með ljósleiðarasæstreng, en við það muni lagnaleiðin stytast um 10 km miðað við ef landleiðin væri valin og sé sparnaður áætlaður um 15 milljónir.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur ennfremur fram að vegna þess hve Álftafjörður sé grunnur verði hægt að plægja strenginn með jarðýtum á stórstraumsfjöru þegar grynningarnar koma upp úr sjó. Því sé þverunarstaðurinn nánast á þurru, utan áls sem sé í miðjum firðinum þar sem grafa þurfi strenginn niður í. Í landtökunum verður strengurinn settur í hlífðarrör sem grafið verður 50 metra út í fjörðinn til að verja strenginn. Mesta hætta á hnjaski á strengnum muni verða við landtöku og í fjöruborðinu þar sem nokkuð er um grýttan botn á því svæði.

Kemur síðan fram að frá tengibrunni að austanverðu að landtöku sæstrengsins sé farið u.þ.b. 80 metra niður aflíðandi gróna brekkur. Gert er ráð fyrir að hægt verði að plægja strenginn niður brekkuna og ummerki þeim megin ættu því að verða sáralítill að mati framkvæmdaraðila. Vestanmegin mun hinsvegar þurfa að grafa skurð fyrir strengnum frá landtökustað að tengibrunninum, u.þ.b. 100 metra. Frá tengistað sæstrengsins vestan megin við fjörðinn verði síðan



plægður hefðbundinn ljósleiðarastrengur ca. 550 metra að tengistað þar sem lögnin tengist kerfi Helgafellsveitar sem fyrir sé.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð Orkufjarskipta kemur fram að heilt yfir hafi framkvæmdirnar ekki í för með sér neikvæð áhrif á umhverfið. Ummerki eftir plægingu yfir fjörðinn og gröftinn í landtökunum verði lítil og komi til með að hverfa á nokkrum dögum. Ummerki austanmegin frá tengibrunni að landtöku sæstrengsins eru að auki metin lítil. Neikvæð áhrif geti mögulega orðið í landtökustöðunum meðan á framkvæmdum standi en þau ummerki verði fljót að jafna sig og því tímabundin. Tengibrunnar og stefnumerki séu lítil mannvirki að umfangi og valdi því hverfandi sjónrænum áhrifum. Tengibrunnar verði þökulagðir og muni því falla að því umhverfi sem er á staðnum. Hvað varðar þau efni sem strengurinn er gerður úr kemur fram að þau séu ekki skaðleg og muni því ekki hafa áhrif á lífríkið.

Að mati framkvæmdaraðila er ekki talin hættu á að spilliefni eða olíur geti borist frá þeim vélum sem vinna við framkvæmdina. Eftirlit á vegum Orkufjarskipta verði með framkvæmdinni og ýrtruðu varúðar gætt á meðan framkvæmdinni standi.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Breiðafjarðarnefnd og Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gerðu engar athugasemdir við framkvæmdina í umsögn sinni. Samgöngustofa lagði ekki mat á hvort framkvæmdin skyldi háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulag og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun vekur athygli á því að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Helgafellsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Einnig leyfi frá Samgöngustofu, skv. 10. gr. laga um vitamál nr. 132/1999. Framkvæmdaraðili þarf einnig að afla samþykkis Breiðafjarðarnefndar vegna framkvæmda í Álftafirði sem er innan þess svæðis sem vernd Breiðafjarðar nær til, sbr. lög nr. 54/1995.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða lagningu ljósleiðarasæstrengs yfir Álftafjörð á Snæfellsnesi. Framkvæmdin er að hluta innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sem nýtur verndar skv. lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Framkvæmdin er því tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.21 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda vera vestanmegin í Álftafirði þar sem grafa þarf u.þ.b. 100 m langan skurð frá landtökustað að tengibrunni. Að öðru leyti telur stofnunin áhrif á umhverfið vera óveruleg og tímabundin.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Orkufjarskipta við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð lagning ljósleiðarasæstrengs yfir Álftafjörð á Snæfellsnesi sé ekki líkleg til þess að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Orkufjarskipti og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins. Sérstaklega



ber að hafa þetta í huga þar sem hluti framkvæmdar er innan svæðis sem nýtur verndar, skv. lögum nr. 54/1995 um verndun Breiðafjarðar.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 29. júlí 2016

Reykjavík, 24. júní 2016.

Sigmar Arnar Steingrímsson

Inga Birna Ólafsdóttir